

Formannafundur HSÍ með Olís deildarliðum 17. apríl 2021.

Við undirritaðir formenn félaga í Olís deild karla samþykkjum tillögu að leikjafyrirkomulagi sem lögð var fyrir formannafundi HSÍ í dag af HSÍ. Í tillögunni kemur fram breyting á leikjaniðurröðun og að leikið verður í landsleikjafrí til að ná samfellu í deildarkeppnina.

Við hörmum þá umræðu sem fór af stað eftir síðasta formannafund og áréttum að allar ákvarðanir og niðurstöður formannafunda eru algerlega á ábyrgð okkar formanna félaganna.

Við leggjum áherslu á að við erum einu forsvarsmenn félaganna gagnvart HSÍ og okkur ber að móta okkar afstöðu innan okkar félaga með þeim aðilum sem til þess eru þar bærir.

Við þær erfiðu aðstæður sem við búum við vegna Covid er mikilvægt að við stöndum saman og heil á bak við okkar sérsamband.

Við lýsum yfir fullum stuðningi við framkvæmdastjóra og nýkjörna stjórn HSÍ og vonum að við getum klárað Íslandsmótið með sem bestum hætti.

Reykjavík, 17.04.2021

Hannes Sigurðsson, formaður Aftureldingar

Ásgeir Jónsson, formaður FH

Bjarni K. Eysteinnsson, formaður Fram

Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri Gróttu

Þorgeir Haraldsson formaður Hauka

Davíð Óskarsson, formaður ÍBV

Sigurður Rúnarsson, formaður ÍR

Haddur Júlíus Stefánsson, formaður KA

Þórir Haraldsson, formaður Selfoss

Pétur Bjarnason, formaður Stjörnnunnar

Gísli Gunnlaugsson, formaður Vals

Magnús Eggertsson, formaður Þór